

Hrönn Jónsdóttir

From: Sylvía Karen Heimisdóttir
Sent: mánudagur, 23. maí 2022 10:52
To: Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Subject: FW: stýrihópur heilsueflandi samfélags

Setja inn á fyrsta fund nýrrar sveitarstjórnar

From: Heilsueflandi Hrunamannahreppur <heilsueflandi@fludir.is>
Sent: miðvikudagur, 18. maí 2022 13:24
To: Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; Jón Valgeirsson <jon@fludir.is>; Sylvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>
Cc: Halldóra Hjörleifsdóttir <halldora@fludir.is>; Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is>; Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>
Subject: stýrihópur heilsueflandi samfélags

Góðan daginn sveitarstjórar og oddvitar

Ég er búinn að ganga með þá hugmynd hvort ekki væri best að sameina stýrihópinn fyrir heilsueflandi samfélag með íþróttu- og æskulýðsnefnd hreppanna. Eitt er að margt af því sem rætt er um er af svipuðu tagi og svo koma málefni stýrihópsins nær stjórnsýslunni. Það er ekki þar með sagt að ég vilji ekki álit hagaðilla, það er alls ekki svo. En ég hef trú á íbúalýðræði og að við náum vel til íbúa með þarfagreiningum, til dæmis vorum við að keyra þarfagreiningu um þema þessa árs, geðrækt, andleg líðan og félagsleg virkni og það voru 66 manns sem tók þá í öllum uppsveitunum (Bláskóga, Hruna, SKOGN og GOGG).

Íþróttu og æskulýðsnefndirnar eru mismunadi uppbyggðar og hafa mismikið verkefni hjá sveitarfélögunum en ég tel áhugavert að kíka betur á þessa útfærslu. Svo er annað mál að vegna þess að börn og unglingsar flæða á milli sveitarfélaga til að taka þátt í íþróttu- og æskulýðsstarfí þá væri ráð að þessar nefndir væru með eitthvað samstarf eða sameiginlega fundi. Þannig tel ég að við náum meiri árangri í að byggja upp fjölbreytt og kröftugt íþróttu- og æskulýðsstarf í uppsveitunum.

Væri nú eftir kosningar hægt að huga að þessu við skipan í nefndir?

Bestu kveðjur,
Gunnar



Gunnar Gunnarsson
Verkefnastjóri
Heilsueflandi samfélag í Hrunamannahrepp
íþróttu- og heilsufræðingur
European Master in Physical Activity and Health

sími: 8925532